



Samstarfssamningur

Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

og

námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) og námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands (UoA) gera með sér eftirfarandi samning um starfsþjálfunarnám meistarana UoA hjá USK.

1. Um starfsþjálfunarnámið.
 - a. Starfsþjálfunarnámið skiptist í tvennt:
 - i. Kynningu á og vinnu að almennri starfsemi USK.
 - ii. Vinnu að starfsþjálfunarverkefni sem tengist starfsemi eða verksviði USK.
 - b. Starfsþjálfunarnámið er auglýst sem staða starfsnema hjá USK og er opið til umsóknar fyrir alla skráða meistarana UoA.
 - c. Starfsþálfun er þrjár vikur (120 klst, 6 ECTS) í fullu starfi, en mögulegt er að dreifa verkefninu á lengri tíma, að hámarki eitt misseri (13 vikur).
 - d. Starfsnemi skilar lokaskýrslu (skv. skilgreiningu í verkefnislýsingu) og dagbók sem hann heldur meðan á starfsþjálfun stendur.
 - e. Fulltrúi USK skilar staðfestingu á ástundum starfnema og verkefnavinnu í lok starfsþjálfunar til verkefnastjóra UoA.
2. Hlutverk USK samkvæmt samningi þessum er einkum að:
 - a. Leggja fram tillögur að starfsþjálfunarverkefnum eða móta verkefni í samvinnu við starfsnema. Verkefnin eru yfirfarin af kennurum UoA og ábendingum komið áleiðis ef með þarf.
 - b. Velja starfsnema í samráði við UoA.
 - c. USK lætur starfsnema í té vinnuaðstöðu og tilnefnir ábyrgðaraðila sem hefur umsjón með vinnu hans, leiðbeinir í störfum fyrir USK og tryggir að starfsneminn öðlist innsýn inn í starfsemi USK.
3. Hlutverk námsbrautar UoA samkvæmt samningi þessum er einkum að:
 - a. Tryggja að starfsþjálfunarverkefni uppfylli faglegar kröfur námsbrautarinnar. UoA fer yfir tillögur að starfsþjálfunarverkefnum og ákveður í samvinnu við USK hvaða verkefni skuli bjóðast sem hluti af starfsþjálfunarnámi hjá USK.
 - b. Auglýsa starfsþjálfunarnámsstöður hjá USK á meðal meistarana UoA.
 - c. Velja starfsnema í samráði við USK.
 - d. Meta starfsþálfun meistarana til eininga við námsbrautina.
4. Samstarfssamningurinn tekur gildi við undirritun og skal endurskoða fyrir árslok 2020.

Reykjavík, 8. febrúar 2018

Sveinn Agnarsson
formaður stjórnar náms í
umhverfis- og auðlindafræði, Háskóla Íslands

Ólöf Örvarsdóttir
sviðsstjóri
umhverfis- og skipulagssviðs, Reykjavíkurborgar